

Þriðjudaginn 8. september 1992.

Nr. 347/1992. **Önundur Ásgeirsson,
Eva Ragnarsdóttir,
Gréta Önundardóttir,
Ásgeir Önundarson og
Páll Torfi Önundarson**
gegn
Alpan hf.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. júlí 1992. Þeir krefjast þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að kveða upp efnisdóm í málinu. Þeir krefjast og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og sóknaraðilar dæmdir til að greiða kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Kröfur sóknaraðila í máli þessu beinast meðal annars að hagsmunum þeirra, sem keyptu hluti í Alpan hf., eftir að hlutafé félagsins var hækkað eftir lækkun þess, eins og lýst er í hinum kærða frávísunardómi. Þeim hefur ekki verið stefnt til aðildar að málinu, svo sem nauðsyn bar til. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna frávísunardómsins ber að staðfesta hann um annað en málskostnað. Sóknaraðilar greiði varnaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðilar, Önundur Ásgeirsson, Eva Ragnarsdóttir, Gréta Önundardóttir, Ásgeir Önundarson og Páll Torfi Önundarson, greiði varnaraðila, Alpan hf., málskostnað í

héraði og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 30. júní 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., er höfðað fyrir aukadómþinginu af Önundi Ásgeirssyni, kt. 140820-3349, Kleifarvegi 12, Evu Ragnarsdóttur, kt. 140722-2949, Kleifarvegi 12, Grétu Önundardóttur, kt. 281048-3339, Kleppsvégi 142, Ásgeiri Önundarsyni, kt. 101150-7719, Kögurseli 48, Páli Torfa Önundarsyni, kt. 300355-4049, Kleifarvegi 12, öllum í Reykjavík, á hendur Alban hf., kt. 590384-0389, Eyrarbakka. Er Jóni Búa Guðlaugsyni, stjórnarformanni hins stefnda hlutafélags, stefnt fyrir hönd félagsins.

Aðalkrafa stefnenda er eftirfarandi: 1) að ákvörðun hluthafafundar í Alban hf. 28. desember 1989 um lækkun hlutafjár úr 50.592.000 krónum í 25.296.000 krónur eða verðgildi hvers þáverandi hlutar úr 136.000 krónum í 68.000 krónur verði dæmd ógild, 2) að ákvörðun hluthafafundar 28. desember 1989 um hækkun hlutafjár um 29.988.000 krónur og eftirfarandi áskrift og framkvæmd hennar verði dæmd ógild eða úr gildi felld, en lagt fyrir stjórn Alban hf. f. h. félagsins að boða til hluthafafundar til ákvörðunar um hlutafjárauðningu, ef þurfa þykir, þar sem löglegum eigendum hluta í félaginu, er skráðir voru 28. desember 1989, verði veittur kostur á að neyta forkaupsréttar síns samkvæmt félagssamþykktum og hlutafélagalögum og að áskrift hluta fari fram í samræmi við samþykktir og lög.

Til vara gera stefnendur kröfu til þess, að dómurinn kveði á um það, að ákvörðun hluthafafundar 28. desember 1989 um lækkun hlutafjár taki ekki til hlutafjáreignar stefnenda í máli þessu, eins og hún var skráð í bókum félagsins við upphaf fundarins.

Þá gera stefnendur kröfu til þess, að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins auk virðisaukaskatts og að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og að þeim verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Hið stefnda hlutafélag var stofnað árið 1984. Upphaflegt hlutafé félagsins var 30.000.000 króna, en 28. desember 1989 var hlutafé þess 50.592.000

krónur. Skiptist hlutaféð í 372 jafnstóra hluti, hver að fjárhæð 136.000 krónur. Voru stefnendur máls þessa eigendur að 44 hlutum.

Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var 28. desember 1989, lagði stjórn þess fram eftirfarandi tillögu: „Hluthafafundur samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr 50.592.000 kr. í 25.296.000 kr. Hver hlutur er 136.000 kr. fyrir lækkun, en verður 68.000 kr. eftir lækkun. Lækkun hlutafjár er gerð skv. 42. gr., 1. tl. 2. mgr., 1. nr. 32, 1978, til jöfnunar taps“ Eftir að tillaga þessi hafði verið borin upp á aðalfundinum og hlotið að mati stefnda samþykki tilskilins meiri hluta hluthafa, lagði stjórn félagsins fram tillögu um hækkun hlutafjár með sölu nýrra hluta. Í þeirri tillögu segir m. a.: „Hluthafafundur samþykkir að auka hlutafé félagsins að lágmarki um 19.992.000 kr. að nafnverði, en að hámarki um 29.988.000 kr. að nafnverði. Hver hlutur er 68.000 kr. að nafnverði, og verður aukningin að lágmarki 294 hlutir, en að hámarki 441 hlutir (sic). Eftir aukninguna verða fæst 666 hlutir, en flestir 813, hver að nafnverði 68.000 kr. Hlutafé verður að lágmarki 45.288.000 kr., en að hámarki 55.284.000 kr.“ Að mati stefnda hlaut þessi síðari tillaga stjórnar samþykki tilskilins meiri hluta hluthafa.

Undir rekstri málsins var upplýst, að hin fyrirhugaða hlutafjárukning hefði að fullu gengið eftir og nýir hlutir verið seldir að því hámarki, sem tillaga stjórnar kvað á um.

Krafa stefnenda í máli þessu um ógildingu eða niðurfellingu framangreindra ákvarðana hluthafafundar er aðallega á því reist, að ekki hafi verið skilyrði til lækkunar hlutafjár í félaginu á þeim forsendum, sem lækkunin byggðist á, það er til jöfnunar taps. Þá eru dómkröfur stefnenda enn fremur studdar þeim rökum, að ekki hafi verið gætt ákvæða hlutafélagalaga við boðun aðalfundar 28. desember 1989, tillögu stjórnar um lækkun og hækkun hlutafjár hafi ekki hlotið tilskilinn atkvæðafjölda, við framkvæmd áskriftar að nýjum hlutum hafi eigi verið fylgt fyrirmælum V. kafla hlutafélagalaga og umræddar ákvarðanir aðalfundar hafi ekki verið tilkynntar Hlutafélagaskrá innan lögmætra tímamarka.

III.

Í 2. tölulið dómkrafna stefnenda er þess meðal annars krafist, að ákvörðun hluthafafundar í hinu stefnda hlutafélagi frá 28. desember 1989 um hækkun hlutafjár um 29.988.000 krónur og eftirfarandi áskrift og framkvæmd hennar verði dæmd ógild eða úr gildi felld.

Yrði krafa þessi tekin til greina, myndi dómur í málinu óhjákvæmilega binda þá aðila, sem þátt tóku í umræddri hlutafjárukningu og keyptu hina nýju hluti, sbr. 4. mgr. 79. gr. hlutafélagalaga nr. 32, 1978. Myndi slík niðurstaða bitna harkalega á hinum nýju hluthöfum, sem bundið hafa fé

sitt í félaginu og tekið þátt í störfum þess í hálfri þriðja ár, en ekki er ágreiningur um, að hagar félagsins hefur stórbatnað á þeim tíma.

Stefnendur hafa ekki gefið hinum nýju hluthöfum kost á að gæta hagsmuna sinna í málinu. Var stefnendum þó vandalaust að stefna hluthöfunum, þar sem allir hlutir í félaginu eru skráðir á nafn. Þá hefur aðeins fáum hluthöfum verið tilkynnt um málshöfðunina.

Þegar litið er til þess, á hvern hátt stefnendur hafa lagt mál þetta fyrir dóminn að þessu leyti, verður að svo komnu ekki lagður dómur á 2. tölulið í dómkröfum þeirra. Þá þykir slíkt samhengi vera á milli 1. og 2. töluliðar aðalkröfu, að dómur verði ekki lagður á fyrri töluliðinn, án þess að jafnframt verði skorið úr um þær dómkröfur, sem í síðari tölulið aðalkröfu greinir. Verður af þessum sökum ekki hjá því komist að vísa dómkröfum stefnenda í heild frá dómi án kröfu.

Rétt þykir, að stefnendur greiði hinu stefnda hlutafélagi óskipt 150.000 krónur í málskostnað. Að kröfu stefnda og með vísan til 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85, 1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54, 1988, skal tildæmdur málskostnaður bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Stefáni Svavarssyni, löggiltum endurskoðanda, og Sigurði T. Magnússyni skrifstofustjóra.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

Stefnendur, Öundur Ásgeirsson, Eva Ragnarsdóttir, Gréta Öundardóttir, Ásgeir Öundarson og Páll Torfi Öundarson, greiði óskipt stefnda, Alban hf., 150.000 krónur í málskostnað. Skal tildæmdur málskostnaður bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Greiðsla málskostnaðar fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.